

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 153/1998.

Sigrún Ólafsdóttir

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

gegn

Önnu B. Stefánsdóttur og**Eygló Stefánsdóttur**

(Jón Oddsson hrl.)

Kærumál. Dánarbússkipti. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. febrúar 1998, þar sem hafnað var þeirri kröfu sóknaraðila, að innstæða á reikningi á nafni hennar nr. 261071 í Landsbanka Íslands yrði talin séreign hennar við skipti á dánarbúi Stefáns Jónssonar. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að fyrrgreind krafa hennar verði tekin til greina. Til vara krefst sóknaraðili þess, að fellt verði úr gildi ákvæði hins kærða úrskurðar um frávisun varakröfu hennar og lagt fyrir héraðsdómara að taka þá kröfu til efnismeðferðar, en sú krafa var um, að „úrskurðað verði að álitum réttarins“, að hluti innstæðu á áðurnefndum bankareikningi sé séreign sóknaraðila. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefjast varnaraðilar kærumálskostnaðar.

I.

Aðalkrafa varnaraðila um frávisun málsins frá Hæstarétti er studd þeim rökum, að kæra sóknaraðila hafi ekki borist héraðsdómara innan kærufrests samkvæmt 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt gögnum málsins voru lögmenn aðila boðaðir til þinghalds 24. febrúar 1998, þar sem hinn kærði úrskurður var upp kveð-

inn. Ekki var sótt þing af hálfu aðila. Endurrit af úrskurðinum var sent lögmanni sóknaraðila í póstkröfu 25. sama mánaðar, og mun hann hafa leyst til sín sendinguna 3. mars 1998. Ekkert liggur fyrir um, hvort lögmanninum hafi verið tilkynnt um niðurstöðu úrskurðarins fyrir síðastnefndan dag. Verður því að leggja til grundvallar, að honum hafi fyrst orðið kunnugt um niðurstöðuna, þegar hann fékk í hendur endurrit úrskurðarins 3. mars 1998. Þann dag byrjaði því kærufrestur að líða, sbr. dóm Hæstaréttar í dómasafni 1978, bls. 923. Kæran barst héraðsdómi 17. mars 1998, og var kærufrestur þá ekki liðinn. Samkvæmt því verður hafnað kröfu varnaraðila um frávisun málsins frá Hæstarétti.

II.

Málið á rætur að rekja til ágreinings við opinber skipti á dánarbúi Stefáns Jónssonar, sem lést 16. janúar 1996 og var síðast til heimilis að Grænumörk 5 á Selfossi, en hann var eiginmaður sóknaraðila og faðir varnaraðila. Fyrir liggur kaupmáli Stefáns og sóknaraðila frá 19. október 1980. Þar var kveðið á um, að einbýlishús í smíðum að Starengi 1 á Selfossi skyldi vera séreign sóknaraðila, enda tæki hún að sér veðskuld við veðdeild Landsbanka Íslands, sem hvíldi á eigninni. Einnig skyldi bifreiðin X 2020 af gerðinni Galant, árgerð 1975, verða séreign sóknaraðila. Þá sagði enn fremur í kaupmálanum, að „það, sem kemur í stað hluta þeirra, sem hér að framan eru nefndir, skal verða séreign mín, Sigrúnar Ólafsdóttur“, svo og, að um fjármál hennar og Stefáns færi að öðru leyti að lögum. Svo sem ýtarlega er greint í úrskurði héraðsdómara, telur sóknaraðili, að innstæðu á fyrrnefndum bankareikningi megi að langmestu leyti rekja til andvirðis fasteignarinnar að Starengi 1, sem hún seldi 18. febrúar 1987, og bifreiðarinnar X 2020 auk vaxta af því fé.

Fallist verður á með héraðsdómara, að sóknaraðila hafi ekki tekist að sýna fram á, að rekja megi innborganir á umræddan banka-reikning til andvirðis séreigna hennar samkvæmt kaupmálanum 19. október 1980 að öðru leyti en hvað varðar innborgun, að fjárhæð 500.000 krónur, á söludegi fyrrnefndrar fasteignar 18. febrúar 1987. Þá voru fyrir á reikningnum 295.869,23 krónur. Árið 1987 voru að öðru leyti lagðar á reikninginn 40.000 krónur, en teknar af honum 100.000 krónur. Árið 1988 voru lagðar inn 66.666,66 krónur, en á

næsta ári teknar út 50.000 krónur. Eftir þetta urðu engar hreyfingar á reikningnum fram til ársloka 1993 aðrar en færslur vaxtatekna, sem urðu samtals frá byrjun árs 1987 1.563.767,30 krónur. Var þannig innstæðan í byrjun árs 1994 2.316.303,19 krónur. Hinn 3. maí á því ári voru teknar af reikningnum 1.935.000 krónur. Sú fjárhæð er sýnilega talsvert hærri en innborgunin á reikninginn 18. febrúar 1987 að viðbættum vöxtum af henni fram til ársloka 1993. Sóknaðili hefur ekki sýnt fram á, að sú úttekt hafi verið lán af séreignarfé hennar til kaupa á fasteign eða að innborganir á reikninginn 1994 og 1995, sem nánar er greint frá í hinum kærða úrskurði, hafi getað verið endurgreiðsla á slíku láni. Verður því litið svo á, að sóknaðila hafi hvorki með öllu né að hluta tekist að rekja innstæðu umrædds reiknings, sem nam 5.456.635,68 krónum í árslok 1996, með nægilega ótvíræðum hætti til fyrrnefndrar innborgunar 18. febrúar 1987. Getur hún því að engu leyti skoðast sem séreign sóknaðila í skjóli ákvæða kaupmálans frá 19. október 1980 og 75. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, eru hvorki efni til að verða við aðalkröfu sóknaðila né skilyrði til að taka til greina þá kröfu, sem hún gerði til vara fyrir héraðsdómi og fellur innan marka aðalkröfu hennar hér fyrir dómi. Er samkvæmt því ekki heldur ástæða til að taka sérstaklega afstöðu til varakröfu sóknaðila fyrir Hæstarétti. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur um annað en málskostnað, en hann verður að dæma hvorum varnaraðila fyrir sig, sbr. 2. mgr. 132. gr. laga nr. 91/1991.

Sóknaðila verður gert að greiða varnaraðilum málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi handa hvorum þeirra, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaðili, Sigrún Ólafsdóttir, greiði hvorum varnaraðila, Önnu B. Stefánsdóttur og Eygló Stefánsdóttur, samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. febrúar 1998.

Mál þetta, sem þingfest var 11. september 1997, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 16. janúar 1998.

Sóknaraðili er Sigrún Ólafsdóttir, kt. 120217-3139, Grænumörk 5, Selfossi.

Varnaraðilar eru Anna B. Stefánsdóttir, kt. 230339-2529, Eyjabakka 2, Reykjavík, og Eygló Stefánsdóttir, kt. 030445-4229, Melgerði 10, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru aðallega:

1. að úrskurðað verði, að við skipti á dánarbúi Stefáns Jónssonar verði kaupmáli á milli arfláta og sóknaraðila, dags. 19. október 1980, lagður til grundvallar við skiptin,
2. að úrskurðað verði með dómi, að kjörbók nr. 261071 í Landsbanka Íslands, Selfossi, á nafni sóknaraðila, Sigrúnar Ólafsdóttur, með innstæðu við fráfali Stefáns Jónssonar 5.202.629,39 kr., sé séreign sóknaraðila á grundvelli kaupmála arfleifanda og sóknaraðila og falli utan skipta.

Til vara gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að úrskurðað verði, að við skipti á dánarbúi Stefáns Jónssonar verði kaupmáli á milli arfláta og sóknaraðila, dags. 19. október 1980, lagður til grundvallar við skiptin, og jafnframt, að úrskurðað verði að álitum réttarins, að hluti af andvirði kjörbókar nr. 261071 í Landsbanka Íslands, Selfossi, á nafni sóknaraðila sé séreign sóknaraðila á grundvelli kaupmála og falli þannig utan skipta.

Þá gerir sóknaraðili þá dómkröfu í aðal- og varakröfu, að varnaraðilum verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað að skaðlausu að mati réttarins. Þá er krafist virðisaukaskatts á tildæmdan málskostnað auk vaxta.

Dómkröfur varnaraðila eru aðallega, að hafnað verði með öllu kröfu sóknaraðila þess efnis, að kaupmáli, dags. 19. október 1980, milli arfláta og Sigrúnar Ólafsdóttur verði lagður til grundvallar við skipti á dánarbúi Stefáns Jónssonar, kt. 150815-4529, með þeim hætti, að innstæða á kjörbók nr. 261071 á nafni sóknaraðila í Landsbanka Íslands, Selfossi, við fráfali arfláta, að fjárhæð 5.202.629,39 kr., auk áunninna vaxta frá 29. desember 1995 verði talin séreign sóknaraðila á grundvelli kaupmálans og eigi því að falla utan skipta.

Jafnframt er þess krafist, að úrskurðað verði, að umrædd kjörbók og innstæða hennar, að fjárhæð 5.202.629,39 kr., 16. janúar 1996 og áunnir vextir af þeirri fjárhæð frá 29. desember 1995 verði dregin undir skiptin sem hjúskapareign og sameign þeirra hjóna, sóknaraðila og arfláta, og komi sem slík til skipta í dánar- og félagsbúi þeirra hjóna.

Til vara gera varnaraðilar þá kröfu, að úrskurðað verði, að ofangreind sparisjóðsbók og innstæða á henni, er um getur í aðalkröfu, verði að lang-

mestu leyti talin hjúskapareign og sameign þeirra hjóna og komi sem slík til skipta í dánar- og félagsbúi þeirra og aðeins óverulegur hluti hennar talin séreign sóknaraðila og falli utan skipta.

Í öllu falli gera varnaraðilar þá kröfu, að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðilum málskostnað að skaðlausu skv. málskostnaðarreikningi lögmanns varnaraðila auk 24,5% virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

Málavextir.

Með bréfi Bergsteins Georgssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs skiptastjóra í dánarbúi Stefáns Jónssonar, sem lést 16. janúar 1996, er barst Héraðsdómi Suðurlands 16. júní 1997, beindi hann til dómsins ágreiningi erfingja í dánarbúinu. Aðilar að ágreiningnum eru Sigrún Ólafsdóttir, eftirlifandi maki Stefáns Jónssonar, sóknaraðili máls þessa, og Anna B. Stefánsdóttir og Eygló Stefánsdóttir, dætur Stefáns frá því fyrir hjónaband hans og sóknaraðila, varnaraðilar máls þessa.

Atvik að baki máli eru þau, að sóknaraðili og hinn látni gerðu með sér kaupmála 19. október 1980. Í honum er kveðið á um, að einbýlishús í smíðum að Starengi 1, Selfossi, og bifreiðin X-2020 af gerðinni Galant, árg. 1975, skuli vera séreign sóknaraðila og hjúskapareignum þeirra óviðkomandi. Þá er í kaupmálanum kveðið á um, að það, sem komi í stað nefndra eigna, skuli vera séreign sóknaraðila.

Með afsali, dags. 18. 2. 1987, seldi sóknaraðili og afsalaði syni sínum, Gunnari B. Guðmundssyni, fasteigninni Starengi 1, Selfossi. Kaupverð er ekki tilgreint í afsali, en þess getið, að andvirði eignarinnar sé að fullu greitt, m. a. með yfirtöku veðskuldar við Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð 36.000 kr.

Ágreiningur erfingja í dánarbúinu lýtur að því, hvort innstæða á reikningi á nafni sóknaraðila nr. 261071 í Landsbanka Íslands á Selfossi sé til komin vegna sölu fasteignarinnar Starengis 1 og bifreiðarinnar X-2020 og því séreign sóknaraðila samkvæmt kaupmálanum og falli utan skipta. Tókst skiptastjóra ekki að jafna ágreining erfingjanna og beindi því málinu til úrlausnar dómsins.

Í skriflegri aðilaskýrslu sóknaraðila kemur fram, að hún hafi stofnað hinn umdeilda reikning, sem hafi verið „séreignarbankareikningur“ hennar, í janúar 1986. Inn á hann hafi hún lagt andvirði bifreiðarinnar X-2020 og hluta af launum sínum. Auk þess hafi sonur hennar, Gunnar B. Guðmundsson, greitt útborgunargreiðslu í Starengi 1, 500.000 kr., inn á reikninginn. Árið 1987 hafi verið svolítil hreyfing á reikningnum, útborgun og innborganir vegna skuldabréfs í Starengi 1, en reikningurinn svo að mestu staðið óhreyfður með vöxtum alveg fram til ársins 1994. Í byrjun þess árs hafi inn-

stæða á reikningnum verið 2.316.103 kr. Innstæða á reikningnum hafi alltaf verið séreign hennar.

Pegar þau hjón hafi ákveðið að selja Kirkjuveg 19, Selfossi, og kaupa íbúð að Grænumörk 5, Selfossi, hafi orðið að samkomulagi, að hún lánaði út af reikningnum kaupverð íbúðarinnar, 1.935.000 kr., sem teknar hafi verið út 3. maí 1994. Við sölu á Kirkjuvegi 19 hafi andvirði hans að hluta verið lagt inn á reikninginn sem endurgreiðsla á úttektum og sem séreign hennar.

Málsástæður og önnur atvik.

Sóknaraðili vísar til þess, að samkvæmt húsbyggingarskýrslu Gunnars B. Guðmundssonar hafi kaupverð fasteignarinnar Starengis 1, Selfossi, verið 1.312.231 kr. Á fylgiskjali frá KPMG, Selfossi, úr bókhaldi Gunnars vegna ársins 1987 komi fram, að greiðsla kaupverðs hafi farið fram með yfirtöku lána við veðdeild Landsbanka Íslands, að fjárhæð 142.556 kr. og 168.539 kr., peningagreiðslu, að fjárhæð 501.143 kr., og skuldabréfi, að fjárhæð 500.000 kr.

Samkvæmt yfirliti hins umdeilda reiknings sé staðan 31.12. 1986 295.869,23 kr. Innlegg árið 1986 nemi 324.824 krónum, en að frádregnum úttektum, 74.785 kr., sé nettóstaðan 250.039 kr. Vaxtaávinningur sé því 45.869,23 kr. á því ári.

Hinn 18. 2. 1987, sama dag og sóknaraðili afsalaði Starengi 1, hafi verið lagðar inn á reikninginn 500.000 kr. Þá hafi verið lagðar inn á reikninginn 25. 8. 1987 40.000 kr. Samtals hafi því verið lagðar inn á reikninginn 540.000 kr. árið 1987. Annar ávinningur sé vextir, en að auki hafi 100.000 kr. verið teknar út af reikningnum 27. 3. 1987. Staða reikningsins í árslok hafi því verið 912.752 kr. Árið 1988 séu engar úttektir af reikningnum, en 11. 8. 1988 hafi verið lagðar inn á hann 66.666,66 kr. Í árslok hafi innstæða á reikningnum numið 1.277.398,28 kr. Aukningin sé því að langmestu leyti vaxtaávinningur.

Innstæða á umræddum reikningi hafi þannig að langmestu leyti orðið til með andvirði Starengis 1, annars vegar með innborgun 18. 2. 1987 og hins vegar afborgunum af skuldabréfi því, sem kaupandi gaf út við kaupin. Innborgun árið 1988 sé afborgun af téðu skuldabréfi. Í maímánuði 1994 séu teknar út að láni af reikningnum 1.935.000 kr., sem hafi verið greiðsla vegna Grænumarkar 5, Selfossi. Sú eign sé til skipta í búinu. Endurgreiðsla vegna þessa hafi farið fram síðar á árinu.

Sóknaraðili telur, á að leggja beri kaupmálann frá 19. október 1980 til grundvallar við skiptin á dánarbúi Stefáns Jónssonar. Kaupmálinn, sem sé í lögmætu formi, hafi verið skráður hjá embætti sýslumannsins í Árnessýslu. Afdráttarlaus ákvæði í kaupmálanum um tilgreiningu á séreign sóknaraðila

eigi að standa óhöfðuð og beri að virða, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og 122. gr. laga nr. 20/1991. Fullyrðingar og upplýsingar sóknaraðila um fjárreiður og tilvist kjörbókar nr. 261071 séu réttar. Sjóðsmyndun á reikningnum hafi verið leidd í ljós með órákum hætti og sönnuð sú staðhæfing sóknaraðila, að innstæða hafi myndast af andvirði séreigna sóknaraðila skv. kaupmálanum. Styðji sú sönnun ótvírætt þá fullyrðingu sóknaraðila að kjörbókin sé séreign hennar sem beri að halda utan við skiptin.

Þá vísar sóknaraðili til þess, að samkvæmt mati löggilts fasteignasala sé fasteignin Starengi 1 metin á núvirði miðað við fokheldisástand á 5.000.000 kr. Síni það glögglega og sé málsástæða til stuðnings kröfu sóknaraðila, að verði kaupmálinn virtur við skiptin, eins og arfláti hafi gert alla tíð, beri sóknaraðila innstæða á umræddri kjörbók sem séreign.

Sóknaraðili heldur því fram, að rekstur máls þessa sé óþarfur og óhæfiglegur. Sóknaraðili styður málskostnaðarkröfu sína við 1. mgr. 130. gr. og 1. tl. 131. gr. einkamálalaga nr. 91/1991. Varðandi kröfu um virðisaukaskatt er vísað til laga nr. 50/1988.

Varnaraðilar rökstyðja mál sitt á því, að samkvæmt 54. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 teljist eigur hjóna hjúskapareign, nema sérstakar heimildir standi til annars. Í 103. gr. sömu laga sé svokölluð helmingaskiptaregla um, að hvor maki um sig eða dánarbú hans eigi tilkall til helmings úr skírri hjúskapareign hins, nema annað leiði af ákvæðum laga. Þetta séu meginreglur, og öll frávik frá þeim verði að sanna. Varnaraðilar reisa kröfur sínar um, að innstæða á kjörbók nr. 261071 í Landsbanka Íslands á Selfossi skuli talin meðal hjúskapareigna í búinu, á því, að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á það, að innstæða á umræddri bankabók sé til komin vegna sölu á þeim eignum, sem taldar eru í kaupmála, dags. 19. október 1980, milli arfláta og sóknaraðila, þ. e. fasteigninni Starengi 1, Selfossi, og bifreiðinni X-2020, Galant, árg. 1975.

Varnaraðilar halda því fram, að með kaupsamningi, dags. 26. september 1994, hafi þau Stefán Jónsson og sóknaraðili selt fasteign sína að Kirkjuvegi 19, Selfossi, og hafi kaupverð hennar numið 5.620.000 krónum, og skyldi það greitt með eftirfarandi hætti:

1. Við undirritun kaupsamnings.....	kr.	3.000.000
2. 20. desember 1994.....	–	1.000.000
3. 20. janúar 1995.....	–	1.000.000
4. 20. júlí 1995.....	–	620.000

Við skoðun á hreyfingayfirliti kjörbókar nr. 261071 sjáist, að 26. september 1994 hafi verið lagðar inn á bókina 3.000.000 kr. og innstæða bókarinnar þá hækkað úr 417.240 kr. í 3.417.240 kr. Hinn 22. desember 1994 hafi verið

lögð inn á bókina 1.000.000 kr. og innstæða þá hækkað úr 3.167.240 kr. í 4.167.240 kr. Hinn 24. janúar hafi verið lögð inn á bókina 1.000.000 kr. og innstæða hennar þá hækkað úr 4.190.617 kr. í 5.190.617 kr. Hinn 21. júlí 1995 hafi verið lagðar inn á bókina 620.000 kr. og innstæða hennar þá hækkað úr 5.268.913 kr. í 5.888.913 kr. Samtals nemi fjögur framangreind innlegg 5.620.000 kr., þ. e. söluverði fasteignarinnar Kirkjuvegar 19, Selfossi. Engin önnur innlegg séu á bókina árin 1994 og 1995 né síðar nema vaxtinnlegg. Úttektir séu hins vegar 26. október 1994, þegar teknar hafi verið út 250.000 kr., og 27. október 1995, þegar teknar hafi verið út 800.000 kr. Innstæða bókarinnar, eins og hún var á dánardegi Stefáns Jónssonar 16. janúar, að fjárhæð 5.202.629 kr., auk áfallinna vaxta frá áramótum 1995/1996 og síðan með áföllnum vöxtum, þar til sóknaraðili hóf úttektir af henni árið 1997, hafi þannig verið mynduð með kaupverði fasteignarinnar Kirkjuvegar 19, Selfossi.

Sóknaraðili hafi enga grein gert fyrir því, hversu mikið af innstæðu umræddrar kjörbókar nr. 261071 hún telji stafa af sölu af þeim eignum, sem tilgreindar eru í kaupmála. Sé varakrafa sóknaraðila því vanreifðu.

Varnaraðilar mótmæla sem ósönnum þeim fullyrðingum sóknaraðila, að innlegg 18. febrúar 1987, að fjárhæð 500.000 kr., og innlegg 11. ágúst 1988, að fjárhæð 66.666,66 kr., séu annars vegar útborgunargreiðsla vegna sölu sóknaraðila á fasteigninni Starengi 1, Selfossi, til sonar hennar, Gunnars B. Guðmundssonar, og hins vegar afborgun af skuldabréfi vegna þessarar sömu sölu, enda hafi sóknaraðili ekki lagt fram nein gögn um þetta, en einnig sem þýðingarlausu í málinu. Jafnvel þó að sýnt þætti, að annað eða bæði ofangreind innlegg væru kaupsamningsgreiðsla eða greiðsla af skuldabréfi vegna sölu sóknaraðila á Starengi 1, Selfossi, breytti það engu um niðurstöðu þessa máls, þar eð ljóst megí vera, að innstæða bókarinnar á dánardegi Stefáns Jónssonar sé ekki til komin vegna sölu fasteignarinnar Starengis 1 frá árinu 1987, heldur vegna sölu á fasteigninni Kirkjuvegi 19, er fór fram árið 1994. Þannig hafi innstæða bókarinnar eftir úttekt 3. maí 1994 numið 381.303 kr., áður en kaupsamningsgreiðslur vegna sölu fasteignarinnar Kirkjuvegar 19, Selfossi, taka að berast inn á kjörbókina. Eftir það séu úttektir samtals að fjárhæð 1.050.000 kr. fram að andláti Stefáns.

Varnaraðilar vísa kröfum sínum til stuðnings til hjúskaparlaga nr. 31/1993 og til erfðalaga nr. 8/1962, einnig til laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Varnaraðilar benda á, að hvernig sem úrslit málsins verði, beri að úrskurða sóknaraðila til að greiða varnaraðilum málskostnað að skaðlausu, enda hafi hún komið í veg fyrir, að málið yrði leyst utan réttar, með því að halda leyndum nauðsynlegum upplýsingum fyrir varnaraðilum. Málskostn-

aðarkröfu styðja varnaraðilar XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt lögum nr. 50/1988 og lögum nr. 119/1989, sbr. 3. gr. og 11. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 50/1988.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi auk varnaraðila vitnin Jenný og Steinar Stefánsbörn, börn sóknaraðila og Stefáns Jónssonar. Þá gaf skýrsla fyrir dóminum Gunnar B. Guðmundsson, sonur sóknaraðila. Hann greindi m. a. frá því, að hann hefði greitt kaupverð fasteignarinnar Starengis 1 með 500.000 krónum í peningum og samþykkt skuldabréf upp á sömu fjárhæð. Þá hafi hann tekið á sig byggingarsjóðslán, sem hvíldi á eigninni. Hann minni, að hann hafi farið samdægurs í bankann og greitt 500.000 kr. inn á bók móður sinnar. Honum hafi verið ljóst, að peningarnir væru hennar séreign. Hann muni ekki betur en afborganir af skuldabréfinu hafi farið inn á sömu bók.

Niðurstaða.

Kaupmáli sóknaraðila og Stefáns Jónssonar, dagsettur 19. október 1980, er í lögmatu formi og gildur. Samkvæmt honum skal einbýlishús í smíðum að Starengi 1, Selfossi, og bifreiðin X-2020 af gerðinni Galant, árg. 1975, vera séreign sóknaraðila og hjúskapareignum þeirra óviðkomandi. Í kaupmálanum er kveðið á um, að það, sem komi í stað nefndra séreigna, skuli vera séreign sóknaraðila.

Ágreiningur í máli þessu lýtur að því, hvort innstæða á kjörbók nr. 261071 í Landsbanka Íslands, Selfossi, á nafni sóknaraðila hafi komið í stað séreigna hennar samkvæmt kaupmálanum og sé því séreign hennar á grundvelli kaupmálans.

Fyrir liggur, að í ársbyrjun 1987 var innstæða á hinum umdeilda reikningi 295.869 kr. Staðhæfing sóknaraðila um, hvernig sú innstæða er mynduð, er engum gögnum studd.

Þá liggur fyrir, að fasteignin Starengi 1 var seld 18. febrúar 1987. Þykir mega leggja til grundvallar, að kaupverð hennar hafi verið 1.312.231 kr., sem hafi greiðst með yfirtöku áhvílandi skulda, peningagreiðslu að fjárhæð 501.143 kr. og skuldabréfi að fjárhæð 500.000 kr. Sú staðhæfing sóknaraðila, að innborgun inn á hinn umdeilda reikning á söludegi eignarinnar, að fjárhæð 500.000 kr., sé vegna útborgunargreiðslu á eigninni, er studd framburði kaupanda, Gunnars B. Guðmundssonar, og þykir mega treysta því.

Sóknaraðili heldur því fram, að innborgun inn á reikninginn 11. 8. 1988, að fjárhæð 66.666,66 kr., sé vegna afborgunar af skuldabréfi því, sem gefið hafi verið út við sölu Starengis 1. Gunnar B. Guðmundsson hefur borið, að hann muni ekki betur en hann hafi greitt afborganir af skuldabréfinu inn á

reikninginn. Hins vegar er á það að líta, að skuldabréfið liggur ekki frammi í málinu og engum gögnum er til að dreifa um, hvernig það skyldi greitt né á hvaða gjalddögum. Þykir því ekki verða við það miðað, að umrædd innborgun sé afborgun af nefndu skuldabréfi.

Fram til ársins 1994 urðu ekki frekari innborganir á reikninginn, en 27. mars 1987 voru teknar út af honum 100.000 kr. Innstæða á reikningnum í ársbyrjun 1994 með vöxtum var 2.316.303,19 kr.

3. maí 1994 voru teknar út af reikningnum 1.935.000 kr. Heldur sóknaraðili því fram, að um hafi verið að ræða lán hennar til kaupa þeirra hjóna á fasteigninni Grænumörk 5, Selfossi. Samkvæmt ljósriti af skattframtali þeirra hjóna árið 1995 keyptu þau fasteignina Grænumörk 5, Selfossi, árið 1994 fyrir 1.935.000 kr. Verður því ekki dregið í efa, að umrædd úttekt af reikningnum hafi farið til greiðslu á andvirði fasteignarinnar. Hins vegar liggja engin gögn fyrir í málinu þeirri staðhæfingu til stuðnings, að um lán hafi verið að ræða.

Sóknaraðili heldur því fram, að endurgreiðsla á láninu hafi farið fram síðar á árinu. Þegar yfirlit reikningsins er skoðað, kemur í ljós, að engin innborgun er inn á hann fyrr en 26. september 1994, en þá eru greiddar inn á hann 3.000.000 kr. Næst er greidd inn á reikninginn 26. september 1994 1.000.000 kr., þá 22. desember s. á. 1.000.000 kr., 24. janúar 1995 1.000.000 kr. og loks 620.000 kr. 21. júlí s. á., samtals 5.600.000 kr. Er um sömu fjárhæð að ræða og söluverð fasteignarinnar Kirkjuveggar 19, Selfossi, sem sóknaraðili og Stefán Jónsson seldu 26. september 1994, en samkvæmt kaupsamningi um eignina skyldi andvirði hennar greitt þannig: við undirritun kaupsamnings 26. september 1994 3.000.000 kr., 20. desember s. á. 1.000.000 kr., 20. janúar 1995 1.000.000 kr. og 20. júlí s. á. 620.000 kr.

Samkvæmt framangreindu stemma innborganir inn á reikninginn hverju sinni við fjárhæð greiðslna skv. kaupsamningnum og við greiðsludaga með óverulegu fráviki. Engin önnur innlegg eru á reikninginn árin 1995 til 1996, en hins vegar eru teknar út af reikningnum 250.000 kr. 26. október 1994 og 27. október 1995 800.000 kr. Innstæða á bókinni á dánardegi Stefáns Jónssonar var 5.202.629 kr. auk áfallinna vaxta frá áramótum 1995/1996.

Engar skýringar liggja fyrir á því, hvers vegna allt söluverð fasteignarinnar Kirkjuveggar 19, sem er til muna hærri fjárhæð en sóknaraðili kveðst hafa lánað til sameiginlegra kaupa á fasteigninni Grænumörk 5, var lagt inn á reikninginn.

Það ákvæði kaupmálans frá 19. október 1990, að það, sem komi í stað sérigna, skuli vera séreign sóknaraðila, er afdráttarlaust.

Þegar allt framanrakið er virt, þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á, að innstæða á kjörbók nr. 261071 í Landsbanka Íslands, Selfossi, eins og hún var við fráfall Stefáns Jónssonar, hafi komið í stað séreigna hennar samkvæmt kaupmálanum. Verður því ekki við úrlausn máls þessa miðað við þá málástæða sóknaraðila, að núvirði fasteignarinnar Starengis 1 sé 5.000.000 kr.

Varakrafa sóknaraðila fullnægir ekki ákvæði d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og er ekki dómhæf. Verður henni vísað frá dómi.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða máls þessa sú, að innstæða á kjörbók nr. 261071 í Landsbanka Íslands á nafni sóknaraðila, að fjárhæð 5.202.629,39 kr., 16. janúar 1996 sé ekki séreign sóknaraðila á grundvelli kaupmálans frá 19. október 1980. Verður kaupmálinn því ekki lagður til grundvallar við skiptin á dánarbúi Stefáns Jónssonar.

Ekki þykja næg efni til að úrskurða málskostnað í máli þessu eftir reglum 131. gr. laga nr. 91/1991. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991 verður sóknaraðili úrskurðuð til að greiða varnaraðilum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist vegna anna dómara. Dómari og lögmenn aðila töldu endurflutning málsins óþarfan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er þeirri kröfu sóknaraðila, Sigrúnar Ólafsdóttur, að innstæða á kjörbók nr. 261071 á nafni sóknaraðila í Landsbanka Íslands, Selfossi, með innstæðu að fjárhæð 5.202.629,39 kr. við andlát Stefáns Jónssonar, verði talin séreign sóknaraðila á grundvelli kaupmála á milli þeirra, dags. 19. október 1980.

Varakröfu sóknaraðila er vísað frá dómi.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum 150.000 krónur í málskostnað.
